



# Friðlýsingar 2010

Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfisstofnunar til umhverfisstofnunar um vinnu við  
friðlýsingar á árinu 2010

## Efnisyfirlit

<b>I. Inngangur</b> .....	3
<b>II. Friðlýsingar á lokastigi 2010</b> .....	4
a. Tjarnir á Hálsun – búsvæði tjarnaklukku .....	5
b. Andakíll (Hvanneyri), stækkun .....	5
c. Böggvisstaðafjall .....	6
d. Einkunnir .....	6
e. Gróttá .....	7
f. Ósland .....	7
g. Surtsey .....	8
<b>III. Undirbúningur að friðlýsingu svæða á náttúruverndaráætlun 2009-2013</b>	8
a) Samráðsfundir með sveitarstjórnunum .....	8
b) Álftanes- Skerjafjörður innan bæjarmarka Sveitarfélagsins Álftaness .....	10
c) Álftanes-Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs .....	11
d) Álftanes-Skerjafjörður innan borgarmarka Reykjavíkur .....	11
e) Austara Eylendið .....	11
f) Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar .....	11
g) Gerpissvæðið .....	11
h) Geysir í Haukadal – hluti svæðisins .....	12
i) Hálsar (áður Innri-Hálsar)búsvæði tjarnaklukku .....	12
j) Látrabjarg –Rauðasandur .....	12
k) Orravatnsrústir .....	13
l) Reynisfjall, búsvæði brekkubobba í hvannstöði .....	13
m) Vestmannaeyjar .....	13
n) Þjórsárver .....	13
<b>IV. Undirbúningur að friðlýsingu svæða sem ekki eru á náttúruverndaráætlun</b> ...	14
a) Búrfell og Búrfellshraun .....	15
b) Djúpivogur – nokkur svæði .....	15
c) Gjástykki .....	15
d) Heiðmörk .....	16
e) Húsey .....	16
f) Kalmannshellir .....	16
g) Kringilsárrani .....	16
h) Mývatnssvæðin: Jarðbaðshólar, Gjárnar og Hrafninnuhryggur .....	17
i) Viðey í Þjórsá .....	17
<b>V. Lokaorð</b> .....	18

## I. Inngangur

Umhverfisstofnun annast undirbúning að friðlýsingu landsvæða og tegunda í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin gefur umhverfissráðherra yfirlit yfir vinnu við friðlýsingar tvisvar á ári. Á miðju ári er ráðherra send áfangaskýrsla um stöðu friðlýsinga og að almanaksárinu loknu er gefin út heildstæð skýrsla um friðlýsingar á viðkomandi ári.

Í apríl 2010 skilaði Umhverfisstofnun ráðherra skýrslu yfir vinnu stofnunarinnar við undirbúning að friðlýsingu landsvæða og tegunda í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd fyrir árið 2009. Þann 23. nóvember 2010 skilaði svo stofnunin áfangaskýrsla um vinnu og stöðu friðlýsinga á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 2010. Hér á eftir fer skýrsla fyrir allt árið 2010, þ.e. frá 1. janúar til 31. desember. Uppsetning hennar er að mestu í samræmi við áfangaskýrslu 1. janúar til 30. júní 2010 og skýrslu ársins 2009 til að auðvelda samanburð á framkvæmd og undirbúningi friðlýsinga á milli ára.

Á árinu 2010 hefur Umhverfisstofnun unnið að friðlýsingu landsvæða í samræmi við náttúruverndaráætlun, svæða að beiðni umhverfissráðuneytisins og eftir því sem unnt er að ósk heimamanna, einstaklinga eða sveitarstjórna.

Í ársáætlun Umhverfisstofnunar fyrir árið 2010 er gerð grein fyrir verkefnaáætlun ársins 2010 en þar segir m.a.:

***Líta má á vernd sem eina tegund nýtingar. Hefðbundnar nytjar með sjálfbærni að leiðarljósi fara oft á tíðum vel saman við friðlýsingu svæða. Kvaðir að friðlýsingu þurfa að hafa bein tengsl við þá þætti sem verið er að vernda. Sömuleiðis þurfa aðilar sem málið varðar að hafa aðstöðu til að kynna sér markmið stjórnvalda.***  
***Umhverfisstofnun, Ársáætlun 2010,***

Við undirbúning friðlýsinga hefur Umhverfisstofnun aflað upplýsinga og álits hjá fagstofnunum, svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofum. Vegna vinnu við stækkun verndarsvæðisins á Hvanneyri hefur einnig verið mikið og farsælt samstarf við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.

Eins og lög gera ráð fyrir hefur stofnunin samstarf við viðkomandi sveitarfélög og landeigendafélög þegar við á. Á árinu voru haldnir nokkrir kynningarfundir með sveitarstjórnnum og/eða landeigendum um fyrirhugaðar friðlýsingar og/eða náttúruverndaráætlun. Á fundum þessum eru m.a. kynnt drög að friðlýsingarskilmálum þar sem fram koma hver markmið verndunar eru, hvaða takmarkanir friðlýsingin hefur í för með sér fyrir landeigendur, hagsmunaaðila eða almenning, svo sem hvað varðar verndarráðstafanir eða veiðirétt og markmið um umferðarétt almennings á svæðinu. Rétt er að geta þess að friðlýsingardrögin eru umræðugrundvöllur fyrir þá aðila sem að friðlýsingunni koma, en ekki endanlegur texti friðlýsingarskilmála. Eftir atvikum er getið um nauðsynlegar framkvæmdir, svo sem lagningu göngustíga, útsýnispalla eða annarra aðgerða sem tryggja eiga að almenningur geti notið þeirra náttúruminja sem verið er að friða.

Þegar upp kemur sú staða að Umhverfisstofnun nær ekki samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um friðlýsingu og það er álit stofnunarinnar og fagstofnana t.d. Náttúrufræðistofnunar Íslands að brýnt sé að friðlýsa viðkomandi náttúruminjar skal málinu vísað til meðferðar hjá umhverfisráðherra.

## II. Friðlýsingar á lokastigi 2010

Það er mat manna að sveitarstjórnarkosningar sem haldnar voru 29. maí hafi tafið nokkuð framgang friðlýsinga á árinu þar sem fulltrúar sveitarstjórna óskuðu gjarnan eftir því að fresta umræðu um friðlýsingu fram yfir kosningadag. Ný nefndaskipan sveitarstjórna eftir kosningar lá svo í mörgum tilvikum ekki fyrir fyrir en í lok sumars.

Á árinu 2010 náði engin ný friðlýsing fram að ganga, en rétt undir lok árs sendi Umhverfisstofnun umhverfisráðuneytinu tillögu að skilmálum fyrir nýja friðlýsingu búsvæðis tjarnaklukku á Hálsun, Djúpavogshreppi.

Unnið var að endurskoðun nokkurra eldri friðlýsinga á árinu 2010. Á miðju sumri, þann 25. júní, var birt í Stjórnartíðindum breyting á auglýsingu um friðland við Gróttu. Einnig vann Umhverfisstofnun að endurskoðun á friðlýsingarskilmálum fólkvangsins í Böggvisstaðafjalli, fólkvangsins Einkunna, fólkvangsins Óslands og friðlandsins í Surtsey. Í lok árs sendi stofnunin endurskoðaða friðlýsingarskilmála fyrir þrjú svæðanna til umhverfisráðuneytisins, sem og skilmála fyrir stækkun verndarsvæðisins í Andakíl í Borgarfirði. Hér á eftir verður nánar fjallað um ofangreind svæði.

### Tafla 1.

<i>Svæði á lokastigi í árslok 2010</i>	<i>Beiðni um friðun</i>	<i>Staða</i>
Andakíll (Hvanneyri), stækkun	Umhverfisráðuneytið - stækkun	Sent umhr. 06.12.2010
Böggvisstaðafjall	Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð- endurskoðun eldri auglýsingar	Sent umhr. 20.12.2010
Einkunnir	Sveitarfélagið Borgarbyggð- endurskoðun eldri auglýsingar	Sent umhr. 13.12.2010
Gróttu	Sveitarfélagið Seltjarnarnes- endurskoðun eldri auglýsingar	Lokið m.augl. nr. 525/2010
Hálsar (áður Innri-Hálsar)	Náttúruverndaráætlun – <i>ný friðlýsing</i>	Sent umhr. 27.12.2010
Ósland	Sveitarfélagið Hornafjörður- endurskoðun eldri auglýsingar	Á lokastigi
Surtsey	Umhverfisráðuneytið - endurskoðun eldri auglýsingar	Sent umhr. 5. nóv 2010

## Tjarnir á Hálsun – búsvæði tjarnaklukku

Eftir að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 hafði verið samþykkt á Alþingi var haft samband við sveitarstjórn Djúpavogshrepps um búsvæðavernd Tjarnarklukku á Hálsun. Heimamenn óskuðu eftir því að bíða samþykktar og staðfestingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps. Í samræmi við lög um náttúruvernd var haft samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og óskað umsagnar þeirra að drögum að friðlýsingarskilmálum. Í lok júní var fundað með fulltrúum hreppsins og farið yfir drög að friðlýsingarskilmálum og gerðar smávægilegar breytingar á drögunum. Um miðjan nóvember staðfestu landeigendur og sveitarstjórn Djúpavogshrepps yfirlýsingu um friðlýsingarskilmála. Í samráði við heimamenn var ákveðið að óska eftir undirritun ráðherra á friðlýsingunni heima í héraði í byrjun næsta árs. Tillaga að friðlýsingu svæðisins var kynnt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Djúpavogshrepps þann 6. desember og almenningi gefinn frestur til 20. desember til að koma með athugasemdir. Engar athugasemdir bárust við friðlýsingarskilmála.

Með bréfi dags. 27. desember vísaði Umhverfisstofnun málinu til umhverfisráðherra til frekari ákvörðunar í samræmi við 58. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### - Endurskoðun eldri auglýsinga -

Í auglýsingum um friðlýsingu svæða er vísað til laga sem friðlýsingin byggir á, í hvaða sveitarfélagi hið friðlýsta svæði er tilgreint og hvaða aðili sjái um eða hafi umsjón með hinu friðlýsta svæði. Fjölmargar auglýsingar um friðlýst svæði byggja á lögum um náttúruvernd frá árinu 1971. Frá þeim tíma hefur orðið breyting á heiti stofnunarinnar, þ.e. Náttúruverndarráð varð að Náttúruvernd ríkisins og síðar Umhverfisstofnun. Frá 1971 hafa mörg sveitarfélög sameinast og þar af leiðandi eru þau sveitarfélög sem getið er í auglýsingunum ekki lengur til. Af þessum sökum eru upplýsingar um stjórnslu í mörgum þessara auglýsinga úreltar. Einnig skortir víða á, að mati Umhverfisstofnunar, að verndarmarkmiðum sé nægilega vel lýst sem og tengslum tengsl við alþjóðasamninga. Þá eru dæmi þess á árinu 2010 að auglýsingar séu endurskoðaðar vegna fyrirhugaðrar stækkunar friðlands eða annarra efnislegra breytinga á friðlýsingarskilmálum.

## Andakill – búsvæðavernd fugla (skv. beiðni umhverfisráðuneytisins)

Á vordögum barst Umhverfisstofnun beiðni frá umhverfisráðuneytinu um að vinna að stækkun verndarsvæðis blesgæsar á Hvanneyri. Beiðnin kom fram í kjölfar tillögu þess efnis að skrá stækkað verndarsvæði á lista yfir Ramsarsvæði.

Fulltrúar umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar mættu á fund með landeigendum, fulltrúum Landbúnaðarháskóla Íslands og Votlendissetursins. Björn Þorsteinsson, prófessor, hafði veg og vanda að samstarfinu, skipulagningu funda og var virkur tengiliður við landeigendur.

Á ráðstefnu um vernd og endurheimt votlendis sem haldin var á Hvanneyri að frumkvæði umhverfisráðuneytisins í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands var lesin upp

viljayfirlýsing landeigenda þeirra jarða sem koma að friðlýsingunni um stækkun verndarsvæðisins.

### ***Ramsarsvæði og búsvæðavernd fyrir blesgæsir og aðra votlendisfugla í Andakíl***

#### ***Viljayfirlýsing landeigenda***

*Við undirritaðir landeigendur jarðanna Skógarkots, Grjóteyrar, Árdals, Ytri-Skeljabrekku, Innri Skeljabrekku, Neðri-Hrepps, Ausu, Vatnshamra, Bárustaða, Heggstaða, Grímarstaða og Hvítárvalla lýsum yfir vilja til að taka þátt í stofnun Ramsarsvæðis í Andakíl í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Votlendissetur stofnunarinnar, Umhverfissráðuneytið og Umhverfisstofnun.*

*Landeigendur eru meðvitaðir um verðmæti svæðisins frá sjónarhóli búsvæðaverndar og náttúruverndar almennt og vilja því leggja málefninu lið. Drög að samningi um friðlýsingu svæðisins á grundvelli laga um náttúruvernd eru í mótnun þar sem tekið er mið af sjónarmiðum okkar og í samræmi við gildandi lög og reglur um náttúruvernd. Stefnt er að því að ljúka samningum um friðlýsingu hluta Andakíls innan tveggja mánaða og tilnefna svæðið sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði fyrir fugla á Ramsarskrána í kjölfarið.*

*Andakíl 12. maí 2010*

Landeigendur og sveitarstjórn Borgarbyggðar hafa staðfest yfirlýsingu um friðlýsingarskilmála. Með bréfi dags. 6. desember vísaði Umhverfisstofnun málinu til umhverfissráðherra til frekari ákvörðunar í samræmi við 58.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli (auglýsing nr. 432/1994)**

Dalvíkurbyggð benti á að ekki færi saman heimild til rjúpnaveiði og skíðaiðkun, og óskaði í kjölfarið eftir því að friðlýsingarskilmálum yrði breytt þannig að skotveiðar verði bannaðar innan fólkvangsins. Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2010 framkomna tillögu umhverfissráðs dags. 7. apríl 2010 um breytingu á friðlýsingarskilmálum fólkvangsins m.t.t. lausagöngu hunda og banns við meðferð skotvopna. Í bréfi 6. desember upplýsti Umhverfisstofnun SKOTVÍS um breytinguna. Með bréfi dags. 20. desember vísaði Umhverfisstofnun málinu til umhverfissráðherra til frekari ákvörðunar í samræmi við 58.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Einkunnir (auglýsing nr. 408/2006)**

Fulltrúar Borgarbyggðar óskuðu eftir fundi um stöðu fólkvangsins Einkunna í Borgarbyggð m.t.t. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu framandi plöntutegunda nr. 583/2000. Bent var á að innan marka fólkvangsins væri gamall skógræktarreitur og að það hafi verið skilningur heimamanna að þar mætti rækta áfram þær framandi tegundir sem þar vaxa.

Á fundi um málið í september var samþykkt að fara yfir stöðu málsins og ákveðið að kanna möguleika þess að endurskoða friðlýsingarskilmála fólkvangsins í samræmi við skýrslu

undirbúningshóps sveitarfélagsins að stofnun fólkvangsins. Í samstarfi við umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins var unnið að laun málsins og lagt til að sérákvæði skyldi gilda fyrir skógræktarreitinn. Tillaga um auglýsingu um breytingu á auglýsingu nr. 408/2006 um fólkvang í Einkunnum var send umhverfissráðuneytinu 13. desember til frekari ákvörðunar í samræmi við 58. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Friðland við Gróttu (auglýsing nr. 13/1984)**

Gróttu og nágrenni var fyrst friðlýst árið 1974 en friðlýsingin var endurskoðuð einum 10 árum síðar sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984.

Í maímánuði síðastliðnum bárust Umhverfisstofnun þær upplýsingar að umhverfisnefnd og bæjarstjórn Seltjarnarness hafi samþykkt eftir ábendingar Jóhanns Óla Hilmarssonar og Kristins Hauks Skarphéðinssonar fuglafræðinga að lengja lokunartíma friðlandsins í Gróttu úr því að vera 1. maí til 30. júní í 1. maí til 15. júlí.

Síðla í júní var birt í Stjórnartíðindum *Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 13/1984 um friðland í Gróttu* nr. 525/2010 en þar segir:

#### **AUGLÝSING**

##### **um breytingu á auglýsingu nr. 13/1984 um friðland í Gróttu.**

1. gr.

Í stað orðsins „Vitastofnun Íslands“ hvarvetna í 1. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Siglingastofnun Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „Náttúruverndarráð“ hvarvetna í 1. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfisstofnun.

3. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí“ í 2. tölul. 3. mgr. 1. gr. kemur: 15. júlí.

4. gr.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2010.*

### **Fólkvangur í Óslandi (auglýsing nr. 427/1982)**

Sveitarfélagið Hornafjörður benti Umhverfisstofnun á að sýslunefnd Austur -Skaftafellssýslu sem átti fulltrúa í fólkvangsstjórninni hafi verið lögð niður og sveitarfélög á svæðinu sameinuð. Vegna þessa leitaði Sveitarfélagið Hornafjörður til stofnunarinnar varðandi skipun í stjórn fólkvangsins. Í samráði við fulltrúa sveitarfélagsins var ákveðið að endurskoða auglýsinguna.

Í janúar barst umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á endurskoðuðum friðlýsingarskilmála fyrir fólkvang í Óslandi og voru athugasemdir og ábendingar sendar sveitarfélaginu. Umhverfisnefnd sveitarfélagsins fór yfir athugasemdir og endurbætta friðlýsingarskilmálar og

telur til bóta. Einnig voru þeir ræddir og samþykktir í bæjarráði Hornafjarðar. Vinnsla nýrrar auglýsingar var á lokastigi í árslok 2010.

### **Friðland í Surtsey (auglýsing nr. 50/2006)**

Umhverfisstofnun óskaði eftir því að Umhverfisstofnun breytti lýsingu á mörkum friðlandsins í Surtsey með því að lagfæra framsetningu á hnitum fyrir friðlandið. Stofnuninni bárust einnig ábendingar um nauðsyn þess að gera ákvæði um umferð í Surtsey skýrari. Umhverfisstofnun leitaði umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og barst hún í ágúst 2009.

Í janúar 2010 sendi Umhverfisstofnun ráðuneytinu nýja framsetningu á baughnitum fyrir mörk verndarsvæðisins og nýjar tillögur um umferð í og við friðlandið. Í lok júní barst Umhverfisstofnun athugasemdir ráðuneytisins við framlagðar tillögur. Stofnunin fór yfir athugasemdir ráðuneytisins og nýjar og breyttar tillögur að friðlýsingarskilmálum fyrir friðlandið voru teknar fyrir á fundi ráðgjafanefndar í september.

Umhverfisstofnun sendi umhverfisstofnun dags. 5. nóvember tillögu að auglýsingu um breytingu á auglýsingu nr. 50/2006 til frekari ákvörðunar í samræmi við 58.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **III. Undirbúningur friðlýsingar svæða á náttúruverndaráætlun 2009-2013**

Á árinu 2010 vann Umhverfisstofnun að friðlýsingu landsvæða skv. náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 2010, en fyrri áætlun, 2004-2008, var felld inn í þá nýju. Einnig hefur stofnunin unnið að friðlýsingu svæða að beiðni umhverfisstofnunar og að beiðni landeigenda og/eða sveitarfélags. Þá hefur stofnunin unnið áfram að endurskoðun á friðlýsingarskilmálum nokkurra svæða eins og fram er komið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu hvers verkefnis fyrir sig og svæðin flokkuð eftir því hvaðan tillaga að friðlýsingu þeirra kemur. Fyrst verður fjallað um svæði á náttúruverndaráætlun 2009-2013.

### **Samráðsfundir með sveitarstjórnnum**

Þann 2. febrúar 2010 var náttúruverndaráætlun 2009-2013 samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi. Í ályktuninni er lagt til að hafist verði handa við friðlýsingu tólf svæða sem ætlað er að stuðla að traustari verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með friðlýsingu þeirra svæða sem eru á fyrri áætlun, náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem enn hefur ekki náðst samkomulag um að friðlýsa. Í töflu 2 ertu talin upp svæði á náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem unnið var að á árinu 2010.



<i>Svæði</i>	<i>Beiðni um friðun</i>	<i>Staða</i>
Álftanes- Skerjafjörður innan bæjarmarka Sveitarfélagsins Álftaness	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Álftanes-Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Álftanes-Skerjafjörður innan borgarmarka Reykjavíkur	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Austara Eylendið	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettar	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Gerpissvæðið	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Geysir í Haukadal – hluti svæðisins	Náttúruverndaráætlun	Sveitarstjórn hafnaði tillögu UST
Hálsar (áður Innri-Hálsar) - búsvæði tjarnaklukku	Náttúruverndaráætlun	Sent umhr. 27.12.2010
Látrabjarg -Rauðasandur	Náttúruverndaráætlun	
Orravatnsrústir	Náttúruverndaráætlun	Í vinnslu
Hvannstóð undir Reynisfjalli – búsvæði brekkubobba	Náttúruverndaráætlun (tegundin)	Friðlýsingu svæðis hafnað af Alþingi
Vestmannaeyjar	Náttúruverndaráætlun	Sent umhr. 09.06 2009
Þjórsárver	Náttúruverndaráætlun/Umhverfisráðuneytið	Í vinnslu

Á umfjöllunartíma náttúruverndaráætlunar 2009-2013 á Alþingi komu fram ábendingar og athugasemdir um að lítil kynning hafi farið fram heima í héraði á náttúruverndaráætlun og fyrirhuguðum friðlýsingum. Til að efla kynningu og samráð um náttúruverndaráætlun ákvað ráðherra að heimsækja sveitarstjórnir þeirra svæða sem á áætluninni eru. Fyrsta ferðin var farin þann 11. maí sl. en þá voru heimsóttar sveitarstjórnir Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Grýtubakkahrepps. Með ráðherra í för voru ráðuneytisstjóri auk tveggja fulltrúa Umhverfisstofnunar og tveggja fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á fundunum var farið yfir náttúruverndaráætlun og m.a. farið yfir skyldur lands og þjóðar í tengslum við alþjóðasamninga sem Íslands er aðili að, farið yfir það hvað felst í friðlýsingu landsvæðis, og mörk og reglur sem gætu gilt fyrir viðkomandi svæði. Þann 18. maí var fyrirhuguð ferð austur á firði þar sem ætlunin var að funda með fulltrúum Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs til að ræða mögulega friðlýsingu Gerpissvæðisins, Eyjólsstaðaskógar og Egilsstaðaskógar en vegna truflana á flugi vegna öskufalls frá Eyjafjallajökli var ferðinni frestað. Til stóð að taka upp heimsóknir til sveitarstjórna haustdögum en síðla hausts var ákveðið að fresta ferðunum fram yfir áramót .

Á fundinum með sveitarstjórn Skútustaðahrepps var fjallað um skýrslu Umhverfisstofnunar til umhverfisráðuneytisins frá því í september 2004 um *Verndarsvæði í Skútustaðahreppi*, en þar eru kynntar tillögur Umhverfisstofnunar að friðlýsingu landsvæða í tengslum við breytingar á lögum um vernd Mývatns og Laxár, nú lög nr. 97/2004. Niðurstaða fundarins var að vinna að friðlýsingu svæða í samræmi við skýrslu Umhverfisstofnunar en að forgangsraða svæðum sem væru hvað mest sótt af ferðamönnum. Auk þess var Hrafninnuhryggur nefndur sérstaklega vegna sérstöðu hans og verndarþörf.

Þá var farið yfir tillögu að friðlýsingu Gjástykkis í samræmi við bréf umhverfisráðuneytisins dags. 18. mars 2010. Var ákveðið að setja á fót samstarfsnefnd sveitarfélaganna, og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar sem fái það hlutverk að gera tillögur að mörkum og reglum fyrir svæðið.

Á haustfundi með fulltrúum Skútustaðahrepps þann 4. október var ákveðið að forgangsraða nokkrum svæðum og hafin undirbúningur að friðlýsingu þriggja svæða á listanum. Um er að ræða Jarðbaðshóla, Gjárnar og Hrafninnuhrygg. Starfsmaður í Mývatnssveit vann að því í kjölfarið að fara yfir mörk og kennileiti.

Í Þingeyjarsveit var farið yfir tillögu að friðlýsingu skagans milli Eyjafjarðar og Skjálfanda í samræmi við náttúruverndaráætlun og tillögu að friðlýsingu Gjástykkis. Niðurstaða fundarins var að vinna áfram að verndun Flateyjardals og Náttfaravíkur m.a. á grundvelli tillagna sveitarfélagsins í aðalskipulagi um hverfisvernd en í kjölfar kosninga einnig í samræmi við lög um náttúruvernd. Lögð var áhersla á að unnið verði að friðlýsingu skagans í samstarfi við Grýtubakkahrepp. Friðun Gjástykkis verði unnin í samstarfi við nágretta sveitarfélögin, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Í Grýtubakkahreppi var rædd tillaga að friðlýsingu Látrastrandar sem er það landsvæði skagans á milli Eyjafjarðar og Skjálfanda sem er innan marka sveitarfélagsins. Vinna við friðlýsingu svæðisins var komin nokkuð áleiðis en afstaða aðila breyttist og bið kom á verkefnið þegar unnið var með þjóðlendumálin á svæðinu. Sátt var um að unnið verði að friðlýsingu skagans í samstarfi við Þingeyjarsveit, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Hér á eftir verður leitast við að lýsa nánar stöðu hvers verkefnis um sig.

### **Álftanes – Skerjafjörður**

Eins og fram kom í skýrslu Umhverfisstofnunar yfir friðlýsingar á árinu 2009 var ákveðið að skipta svæðinu í norður- og suðursvæði og byrja verkefnið á suðursvæðinu.

#### *Sveitarfélagið Álftanes*

Vinna við friðlýsingu á svæði Sveitarfélagsins Álftaness frestaðist vegna breytinga á sveitarstjórn. Ný bæjarstjórn tók friðlýsingartillöguna til afgreiðslu á fundi þann 30. mars og var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

*Bæjarstjórn samþykkir að auglýst verði friðlýsing strandlengju Álftaness í samvinnu við UST. Unnið verði frekar að friðlýsingu Bessastaðaness. Tillagan er að öðru leyti í samræmi við þær hugmyndir sem unnið hefur verið með til þessa.*

Á fundi með fulltrúum sveitarfélagsins í lok maí kom fram ósk þess efnis að málið verði tekið upp að nýju á haustdögum, en vinnsla þess frestaðist þar sem enn er óútkljáð hvort Bessastaðanesið og túnin verði hluti af væntanlegri friðlýsingu.

### *Kópavogsbær*

Umhverfisnefnd Kópavogs hefur óskað eftir því að unnið verði að friðlýsingu Skerjafjarðarsvæðisins innan marka bæjarins og af því tilefni boðaði nefndin til fulltrúa Náttúrufræðistofu Kópavogs, umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar til fundar síðla hausts. Á fundinum voru einnig starfsmenn bæjarins.

Á fundinum voru kynnt drög að friðlýsingarskilmálum fyrir verndarsvæðið, farið yfir skipulag svæðisins og fyrirhugaðar framkvæmdir og ítarleg kynning var á náttúruverndargildi þess. Fram kom á fundinum að nefndarmenn hafa mikinn áhuga á að vernda svæðið. Óskað var eftir því að Náttúrufræðistofa Kópavogs kortlegði svæðið m.t.t. til mikilvægis eftir vistgerð og lykiltægundum. Einnig ætluðu nefndarmenn að kynna sér betur framkomin drög að friðlýsingarskilmálum og taka síðan málið upp á nýju ári.

### *Reykjavíkurborg*

Á fundi með náttúruverndarnefndum sem haldinn var 29. september í Borgarnesi lýsti fulltrúi í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur áhuga á að skoða friðlýsingu Skerjafjarðar innan marka borgarinnar. Í kjölfar þessa voru fulltrúanum sendar upplýsingar um svæðið í náttúruverndaráætlun og dæmi um friðlýsingarskilmála. Í lok árs höfðu ekki borist viðbrögð frá fulltrúanum.

### **Austara-Eylendið**

Á haustdögum voru starfsmanni og formanni umhverfis- og samgöngunefndar sveitarfélagsins sendar upplýsingar um náttúruverndaráætlun ásamt gögnum um sérstöðu svæðisins og óskað eftir samstarfi um vinnu að friðlýsingu í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í lok árs höfðu ekki borist viðbrögð við erindinu.

### **Egilsstaðaskógur og Egilsstaðaklettur**

Á tímabilinu hafa ekki náðst markverðir áfangar í átt að friðlýsingu landsvæðisins sem kennt er við Egilsstaðaskóg og Egilsstaðakletta en til stóð að funda með heimamönnum 18. maí eins og fram hefur komið. Gert er ráð fyrir að taka málið upp í byrjun árs 2011.

### **Gerpissvæðið**

Það sama á við um Gerpissvæðið og Egilsstaðaskóg og Egilsstaðakletta. Til stóð að funda með heimamönnum í maí eins og fram hefur komið en nú er gert ráð fyrir að taka málið upp í byrjun árs 2011.

## Geysir í Haukadal

Þrátt fyrir að enn hafi ekki verið gengið frá kaupum ríkisins að Geysissvæðinu lagði Umhverfisstofnun til að friðlýstur verði sá hluti svæðisins sem er innan girðingar og samkvæmt sáttaumleitan frá 4. febrúar 1999 er í eigu ríkisins. Í skýrslu til ráðherra fyrir árið 2009 gerði stofnunin það að tillögu sinni að land ríkisjarðarinnar Lauga í Biskupstungum yrði friðlýst enda er jörðin hluti þess svæðis sem lagt er til að friðlýsa í náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Samin voru drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landspilduna sem er innan girðingar í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, og drögin send til umsagnar Bláskógabyggðar. Í umsögn sveitarfélagsins dags. 16. október 2010 kemur fram að sveitarstjórn hafi samþykkt á fundi 11. október 2010 bókun byggðaráðs frá 7. október 2010 þar sem m.a. segir:

*„Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir að tillögu sinni að beðið verði með að friðlýsa þá landsspildu sem er eign ríkissjóðs á Geysissvæðinu. .... Oddviti Bláskógabyggðar hefur átt fundi við ráðherra um málefni Geysis og er verið að skoða málið og leita lausna í iðnaðarráðuneytinu. Stefnt er að því að reyna að ná samningum um allt svæðið. Ætla má að friðlýsing lítills hluta Geysissvæðisins, sem er eign ríkisins, geti haft neikvæð áhrif á þá vinnu. Byggðaráð Bláskógabyggðar mælir eindregið með því að friðlýsingu á landsspildu ríkisins verði frestað um sinn.“*

## Hálsar – búsvæði tjarnaklukku

Sjá umfjöllun í kafla II.

## Látrabjarg – Rauðasandur

Þrátt fyrir vilja sveitarstjórnar miðaði friðlýsingu svæðisins sem kennt er við Látrabjarg og Rauðasand lítt áfram. Í samráði við sveitarstjórn var ákveðið að kanna möguleika á að hefja friðlýsingu hluta svæðisins. Í því sambandi var ákveðið að hefja friðlýsingu vestast og því leitað til formanns landeigendafélagsins Bjargtanga en formlegur fundur hefur enn ekki verið haldinn. Formaður félagsins hefur komið á framfæri að vilji landeigenda sé lítt til að friða svæðið enda kalli það á frekari umferð um Látraþorpið sem að þeirra mati þolir ekki aukna umferð. Landeigendur hafa bent á nauðsyn þess að vegurinn sem liggur á milli húsanna verði fluttur og lagður ofan þorpsins.

Eigendur Breiðuvíkur komu á fund Umhverfisstofnunar og lýstu yfir vilja til að friðlýsa sinn hluta með þeim fyrirvara að tekið yrði tillit til sjálfbærrar nýtingar landsins og uppbyggingu ferðaþjónustu sem þar á sér stað.

Gerð hafa verið fyrstu drög að áætlun um framkvæmdir eða verndarráðstafanir samhliða vinnu við friðlýsingu svæðisins. Umhverfisstofnun stefnir að því að taka málið upp við nýja bæjarstjórn Vesturbyggðar á nýju ári.

## Orravatnsrústir

Á haustdögum voru starfsmanni og formanni umhverfis- og samgöngunefndar sveitarfélagsins sendar upplýsingar um náttúruverndaráætlun ásamt gögnum um sérstöðu svæðisins og óskað eftir samstarfi um vinnu að friðlýsingu í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig var óskað staðfestingar Umsýslu Þjóðlendumála hjá Sýslumanninum í Stykkishólmi um það hvort landsvæðið teldist þjóðlenda og barst Umhverfisstofnun staðfesting að svo væri.

## Brekkubobbi í hvannstöði í Reynisfjalli

Eins og fram kom í skýrslu fyrir árið 2009 tóku fulltrúar Umhverfisstofnunar á því ári þátt í tveimur fundum með heimamönnum um friðlýsingu búsvæðis brekkubobba í hlíðum Reynisfjalls. Vegna andstöðu heimamanna við friðlýsinguna var ákveðið á Alþingi að taka svæðið út af þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013 sem staðfest var í febrúar 2010. Þess ber þó að geta að í nefndaráliti frá meiri hluta umhverfisnefndar Alþingis, dags. 9. desember 2009 segir m.a.: *Þar sem meirihlutanum þykir ljóst að ekki er um raunhæfan möguleika á friðlýsingu svæðisins að ræða að sinni leggur hann til að svæðið allt verði fellt brott úr áætluninni. Sú breyting útilokar þó ekki að sé vilji fyrir hendi verði unnið að friðlýsingu svæðisins á síðari stigum.*

Umhverfisstofnun hefur ekki tekið málið upp við sveitarstjórn Mýrdalshrepps á þessu ári, en verið er að skoða möguleika á tegundafríðun brekkubobba.

## Vestmannaeyjar

Í skýrslu Umhverfisstofnunar yfir vinnu við undirbúning friðlýsinga árið 2009 kemur fram að stofnunin hafi ekki náð fram friðlýsingu Vestmannaeyja þrátt fyrir að heimamenn hafi verið sáttir við drög að friðlýsingarskilmálum. Heimamenn gerðu kröfu um að komið yrði á fót vöktun sjófugla í tengslum við friðlýsingu en stofnunin er ekki heimilt að skuldbinda ríkissjóð á þann hátt sem heimamenn lögðu til.

Umhverfisstofnun vísaði málinu til meðferðar ráðherra með bréfi dags. 9. júní 2009 í samræmi við 59. gr. laga um náttúruvernd. Stofnuninni hefur enn ekki borist viðbrögð ráðuneytisins vegna verkefnisins.

## Þjórsárver

Á ríkisstjórnarfundum sem haldinn var þann 21. ágúst 2009 var samþykkt tillaga umhverfisráðherra um að hefja undirbúning að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Tillagan er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Umhverfisstofnun var falið með bréfi umhverfisráðuneytisins dags. 25. ágúst 2009 að hefja vinnu við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þess ber að geta að á fundi með ráðherra kom framhugmynd þess efnis að hafa Hofsjökul allan innan friðlandsmarka.

Markmið um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er í náttúruverndaráætlun 2009-2013. Tillagan byggir á úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands sem birt er í skýrslunni „Vistgerðir á miðhálandi Íslands – Þjórsárver“ og kom út í desember 2009 (NÍ-09019) og skýrslunni „*Tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 14. mars 2007*“, sem unnin var af starfshóp á vegum umhverfissráðuneytisins. Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands sem miðar fyrst og fremst við vistgerðina rústamýravist er nokkuð frábrugðin endanlegri tillögu í náttúruverndaráætlun sem miðar við vatnasvið Þjórsárvera eins og gert er ráð fyrir í skýrslu starfshóps ráðuneytisins frá 2007. Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er gert ráð fyrir að friðlandsmörkin nái nokkuð sunnar en starfshópurinn 2007 lagði til.

Umhverfisstofnun ákvað að vinna með sveitarstjórnnum á svæðinu að endurskoðun friðlýsingarinnar, *Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987* og óskaði eftir tilnefningu í samstarfsnefnd. Ákveðið var að kalla til samstarfs sérfræðinga um náttúrufar og verndargildi svæðisins þ.e. Sigurð H. Magnússon og Kristinn Hauk Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Gísli M. Gíslason frá Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands og formann Þjórsárveranefndar. Einnig var ákveðið að kalla til eftir þörfum fulltrúa hagsmunaaðila á svæðinu. Fljótlega efir að verkefnið hófst var þess óskað að fulltrúi forsætisráðuneytisins á sviði þjóðlendumála tæki þátt í verkefninu og er það María Magnúsdóttir.

Ný drög að friðlýsingarskilmálumvoru kynnt á fundum með sveitarstjórnnum. Alls voru á árinu 2010 haldnir sex fundir með fulltrúum sveitarfélaga. Í janúar var annars vegar haldinn fundur með sérfræðingum og hins vegar sameiginlegur fundur með öllum fulltrúum sveitarfélaganna, bæði á norður og suðursvæði. Á seinni fundinum var sú ákvörðun tekin að funda til skiptis með norðan- og sunnanmönnum og voru í framhaldi haldnir þrjú fundir á hvoru svæði fyrir sig. Á fundunum voru ræddar ýmsar tillögur að nýjum mörkum friðlandsins, verndar- og nýtingarmöguleikar og tengsl við Rammaáætlunarferlið. Teknar voru fyrir mismunandi tillögur að friðlýsingarskilmálum og kynnt ítarleg samantekt um verndun jökla, gildi verndunar og framkvæmd annars staðar í heiminum. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess að taka jökulinn inn í fyrirhugaða friðlýsingu, en segja má að norðanmenn hafi verið ívið jákvæðari og áhugassamari gagnvart þeirri tillögu. Kynnt var flokkunarkerfi alþjóðanáttúruverndarsamtakanna, IUCN, og einnig spunnust miklar umræður í báðum hópum um slóða og flokkun vega. Samhljómur var meðal sveitarfélaganna um að hefðbundnar veiðar á mink og ref yrðu áfram leyfðar.

Unnin var hagsmunaaðilagreining og aðilar kallaðir á fund í byrjun september. Þeir skiptust í eftirfarandi hópa: Náttúruvernd, virkjanir, ferðaþjónusta og útivist, skálaeigendur og „aðrir.“ Þar voru rædd drög að friðlýsingarskilmálum og farið yfir helstu viðfangsefni friðlýsingarviðræðnanna fram að þessu. Óskað var eftir ábendingum og athugasemdum hópanna.

Á haustmánuðum varð ljóst að sveitarfélögin á suðursvæðinu töldu ekki ástæðu til að halda viðræðum áfram fyrr en að niðurstaða Rammaáætlunar lægi fyrir. Það varð því hlé á verkefninu það sem eftir lifði árs.

#### IV. Undirbúningur að friðlýsingu svæða sem ekki eru á náttúruverndaráætlun

Þó Umhverfisstofnun hafi sem fyrr leitast við að setja vinnu við friðlýsingu svæða á náttúruverndaráætlun í forgang, hefur stofnunin einnig á árinu 2010 unnið að friðlýsingu nokkurra landsvæða sem ekki eru á áætluninni. Um er að ræða svæði sem umhverfisráðuneytið hefur sérstaklega óskað eftir að sett verði í forgang, sem og svæði sem koma inn í friðlýsingarferli að beiðni stofnana, félagasamtaka, sveitarfélaga og/eða landeigenda. Nú verður fjallað um undirbúning að friðlýsingu þeirra svæða.

<i>Svæði</i>	<i>Beiðni um friðun</i>	<i>Staða</i>
Búrfell og Búrfellshraun	Sveitarfélagið	Í vinnslu
Djúpivogur – nokkur svæði	Sveitarfélagið	Í vinnslu
Gjástykki	Umhverfisráðuneytið	Vinnsla á frumstigi
Heiðmörk	Skógræktarfélag Reykjavíkur	Í vinnslu
Húsey	Ábúandi	Í vinnslu
Kalmannshellir	Landeigendur og áhugamenn	Í vinnslu
Kringilsárrani	Landgræðsla ríkisins – endurskoðun auglýsingar	
Mývatnssvæðin: Jarðbaðshólar, Gjárnar og Hrafninnuhryggur	Tillögur UST vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár	Í vinnslu
Viðey í Þjórsá	Landeigendur	Í vinnslu

#### Búrfell og Búrfellshraun (skv. aðalskipulagi Garðabæjar)

Í staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að friðlýsa eldstöðina Búrfell og það sem eftir er af hraunum hennar innan marka Garðabæjar. Vinna við verkefnið hófst 2009 en á fundi í janúar 2010 var óskaði sveitarfélagið eftir því að hefja vinnu við Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá. Mestur hluti svæðisins er í eigu Garðabæjar en hluti í landi Oddfellowreglunnar á Íslandi.

Samín hafa verið drög að friðlýsingarskilmálum og tóku fulltrúar Garðabæjar að sér að kanna vilja Oddfellowreglunnar á þátttöku í friðlýsingu alls svæðisins. Um er að ræða framhald friðlýsingar á hraunum Búrfells, en Gálgahraunið var friðlýst í október 2009. Tillaga að friðlýsingu hraunanna er í samræmi við staðfest aðalskipulag Garðabæjar.

Á haustdögum var óskað eftir upplýsingum um stöðu málsins m.t.t. vilja og skoðunar Oddfellowreglunnar. Ekki hafði borist svar í lok ársins.

#### Djúpivogur (skv. beiðni sveitarfélagsins í samræmi við samþykkt aðalskipulagi)

Á fundi fulltrúa Umhverfisstofnunar með oddvita sveitarfélagsins og skipulagshöfundu þann 30. júní 2010 var þess óskað að Umhverfisstofnun tæki til skoðunar friðlýsingu þeirra svæða innan marka sveitarfélagsins sem lagt er til í samþykktu aðalskipulagi að friðlýst verði skv. lögum um náttúruvernd. Þau svæði sem lagt er til að friðlýsa eru Blábjörg við Berufjörð,

Borgargarðsklettur, Flugustaðahellar, Hellisklettur, Hrafnakambar, Kaupstaðakambur, Klettur við Klif „Sfinx“, Malvíkurhöfði, Rakkaberg, Sauðkambur, Strýtukambur, Tröllatjörn, Valtýskambur, og Vígðilækur. Svæðin eru misstór að flatarmáli og eru mörg þeirra á landi í eigu sveitarfélagsins, en lagt var til að forgangsraða þeim svæðum sem væru innan landareignar sveitarfélagsins og ræddir mögulegir friðlýsingaflokkar. Óskað hefur verið eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndargildi svæðanna sem Djúpvogshreppur hefur óskað eftir friðlýsingu á.

### **Gjástykki (skv. beiðni umhverfissráðuneytisins)**

Með bréfi dags. 18. mars 2010 fól Umhverfissráðuneytið Umhverfisstofnun í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands að hefja sem fyrst undirbúning að friðlýsingu Gjástykkis. Beiðni ráðuneytisins byggir á samþykkt ríkisstjórnar Íslands dags. 9. mars um friðun svæðisins. Svæðið er innan 3ja sveitarfélaga, Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings. Umhverfisstofnun gerði tillögu um friðlýsingu þess hluta svæðisins sem er innan Skútustaðahrepps árið 2004 í skýrslunni *Verndarsvæði í Skútustaðahreppi, tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár*.

Á fundum með ráðherra og sveitarfélögunum var ákveðið að taka málið upp á haustdögum. Samráðshópur um friðlýsingu Gjástykkis fundaði þann 4. október, en í honum sitja fulltrúar Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings ásamt fulltrúum landeigenda Reykjahlíðar, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Sérstaðan svæðisins vegna jarðmyndana var kynnt á fundinum, sem og tillaga NÍ að afmörkun þess. Einnig var rætt hvaða áhrif friðlýsing hafi í för með sér varðandi nýtingu svæðisins ofl. og bentu fulltrúi landeigenda á í því sambandi að í gildi væri samningur milli eigenda svæðisins og Landsvirkjunar um rannsóknarboranir. Ákveðið var að forstjóri Umhverfisstofnunar boðaði annan fund í samráðshópnum öðru hvoru megin við áramót.

### **Heiðmörk (skv. beiðni Skógræktarfélags Reykjavíkur)**

Á aðalfundi Skógræktarfélags Reykjavíkur í aprílmánuði var samþykkt að beita sér fyrir vernd svæðisins með norska löggjöf um Oslo-Marka sem fyrirmynd. Helgi Gíslason, framkvæmdarstjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, óskaði eftir viðræðum um mögulega friðlýsingu Heiðmerkursvæðisins í kjölfar fundar með umhverfissráðherra.

Samín hafa verið frumdrög að friðlýsingarskilmálum, gerð deiliskipulags innan marka Reykjavíkurborgar er í vinnslu og stefnir Skógræktarfélag Reykjavíkur að fundum með viðkomandi sveitarfélögum, þ.e. Reykjavíkurborg og Garðabæ ásamt Orkuveitu Reykjavíkur sem er landeigandi á svæðinu. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og hefur komið fram að ekki standi til að rækta á hraunum innan svæðisins.

Brýnt er að skoða friðlýsingu svæðisins m.t.t. þess að þar eru fjölmargar framandi tegundir og áframhaldandi ræktun þeirra stangast á við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu framandi plöntutegunda nr. 583/2000. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvor æskilegt er að setja sérstaka löggjöf um friðlýsingu Heiðmarkar eða hvort hægt sé að ná sambærilegum markmiðum innan núverandi lagaramma.



### **Húsey (skv. beiðni ábúanda)**

Á tímabilinu hefur ekki verið unnið með málið en í júní ítrekaði umhverfisráðuneytið beiðni um umsögn Umhverfisstofnunar á friðlýsingu hluta jarðarinnar.

### **Kalmannshellir (skv. beiðni landeigenda)**

Framan af ári fór ekki fram nein vinna við friðlýsingu svæðisins en að beiðni Árna B. Stefánssonar sem hefur haft veg og vanda að verkefninu var leitað til fulltrúa sveitarfélagsins varðandi friðlýsinguna og er áhugi heima í héraði fyrir verndun hellisins. Verið er að skoða hvort hægt sé að auglýsa friðlýsingu hellisins án nákvæmrar hnitsetningar, en hellaáhugamenn telja það mikilvægt til að tryggja vernd hans frá ótakmörkuðum ágangi. Vísa þeir til erlendra fyrirmynda í því sambandi.

### **Kringilsárrani (skv. beiðni Landgræðslu ríkisins, auglýsing nr. 181/2003)**

Kringilsárrani var fyrst friðlýstur sem hreindýrafriðland árið 1975 og var friðlýsingin þ.e.a.s. mörk svæðisins endurskoðuð 2003 vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka.

Vegna uppblástur frá lónsstæði Kárahnjúkavirkjunar óskaði Landgræðsla ríkisins eftir heimild til þess að nota vélknúin tæki til að binda fokið. Í framhaldi var ákveðið að gera tillögu að breytingu á auglýsingunni þannig að heimilaðar verði framkvæmdir sem fela í sér verndarráðstafanir í þágu náttúruverndargildis svæðisins. Óskað var eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu að breytingu á friðlýsingarskilmálum sem barst þann 7. september. Endurgerð tillögu um breytingu á auglýsingunni er langt komin.

### **Mývatnssvæðin (skv. tillögum umhverfisstofnunar í skýrslunni Verndarsvæði í Skútustaðahreppi)**

Eins og áður hefur komið fram var á fundi í Mývatnssveit sem haldinn var þann 4. október 2010 á ný farið yfir þau svæði sem tillaga er um að friðlýsa í skýrslu stofnunarinnar frá því í september 2004 um *Verndarsvæði í Skútustaðahreppi*. Niðurstaða fundarins var að hefja vinnu við friðlýsingu tveggja svæða af þeim 11 sem fjallað var um í skýrslunni, þ.e. Gjánna og Jarðbaðshóla, auk Hrafninnuhryggs. Útbúin hafa verið vinnukort yfir svæðin í samstarfi við starfsmann Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit og reglulegt samráð verið við fulltrúa sveitarstjórnar um verkefnið.

### **Viðey í Þjórsá (skv. beiðni landeigenda)**

Viðey er afar frjósamur og gróskumikill hólmi í Þjórsá þar sem náttúrufar hefur þróast óáreitt um aldir. Landeigendur hafa af því áhyggjur að ef virkjað verður í neðri Þjórsá að þá verði auðvelt fyrir menn og málleysingja að komast út í Viðey. Til að tryggja sérstöðu hólman hafa landeigendur óskað eftir friðlýsingu hans og umsjón.

Vinna við friðlýsingu Viðeyjar í Þjórsá hófst eftir að bréf þess efnis barst frá landeigendum í janúar 2008. Umhverfisstofnun hafa borist umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands (04.03.2008) og Landgræðslu ríkisins (18.01.2010). Náttúrufræðistofnun Íslands lagði til, svo unnt væri að leggja mat á náttúrufarslegt gildi að aflað yrði grunnupplýsinga um náttúrufar.

Landgræðsla ríkisins telur að eyjan hafi mikla sérstöðu, hafi fræðslugildi, vísindagildi og samanburðargildi sem eru fágæt.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins 24. júní 2010 kemur fram að tekið sé undir mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að ákveðnar grunnupplýsingar skorti um Viðey. Í framhaldi mælir ráðuneytið með því að Umhverfisstofnun óski eftir því við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún afli þeirra grunnupplýsinga sem stofnunin telur skorta til að unnt verði að meta verndargildi. Í lok júnímánaðar höfðu landeigendur samband og endurnýjuðu ósk sína um að friðlýsa Viðey í Þjórsá og bentu jafnframt á að nemi við Landbúnaðarháskóla Íslands hafi gert úttekt á náttúrufari eyjarinnar sumarið 2009 og verið í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Því var óskað eftir nýjum upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands sérstöðu á náttúrufari eyjarinnar.

Þann 2. september 2010 barst önnur umsögn frá Náttúrufræðistofnun um sérstöðu eyjarinnar og er það mat stofnunarinnar að birkiskógurinn í Viðey og lífríki sem honum fylgir sé mjög sérstæður, gróskumikill, lítt snortinn og hafi tvímælaust hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að Viðey í Þjórsá ásamt umgjörð verði friðlýst í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Landeigendur hafa með tölvupósti samþykkt að skrifa undir yfirlýsingu um friðlýsingu. Þeir gera kröfu um að eyjan verði girt af ef virkjað verður í neðri Þjórsá. Næsta skref er að óska eftir afstöðu sveitarstjórnar.

## V. Lokaorð.

Undanfarin ár hefur það verið stefna Umhverfisstofnunar að forgangsraða svæðum á Náttúruverndaráætlun í vinnu stofnunarinnar við friðlýsingar. Þegar litið er til reynslunnar og þeirra svæða sem friðlýst hafa verið frá því að fyrsta áætlunin tók gildi er hins vegar ljóst að sú nálgun er ekki endilega líklegust til árangurs. Grunnforsenda þess að friðlýsingaferli gangi vel er að helstu hagsmunaaðilar séu áhugasamir um verkefnið og að gott samstarf takist við þá, en í núgildandi lagaumhverfi eru það einkum eru sveitarfélög, sem fara jú með skipulagsvaldið, og viðkomandi landeigendur. Gildandi náttúruverndarlög ganga út frá því að gerðir séu friðlýsingarsamningar við hvern og einn landeigenda og sveitarfélag, án þess að bætur komi í staðinn. Vilyrði eru gefin um fjármagn til að tryggja vernd og rekstur viðkomandi svæðis, og reynt er að fylgja þeim eftir með misgóðum árangri. Þær röksemdir heyrast gjarnan hjá samningsaðilum að umhverfisyfirvöld ættu frekar að einbeita sér að bættum rekstri á þeim svæðum sem þegar eru friðlýst en taka að sér fleiri svæði sem ekki sé bolmagn til að reka. Við þessari gagnrýni þarf að bregðast með greinargóðum hætti og er væntanleg stofnun sjóðs til framkvæmda á friðlýstum svæðum vonandi mikilvægt skref í þá átt.

Umhverfisstofnun leggur til að hugmynda- og aðferðafræði náttúruverndaráætlunar verði endurskoðuð og að í framtíðinni verði horft í auknum mæli til þess hvernig Natura 2000 svæðin eru valin og friðlýsing þeirra unnin. Í því ferli er fyrsta skrefið greining á svæðum sem kunna að hafa vísindalegt gildi, en síðan er lögð höfuðáhersla á að vinna á grundvelli tillagna frá sveitarfélögum, landeigendum og almenningi um hvaða svæði séu líklegust til að ná markmiðum friðunar. Auk þess að treysta betur fjármögnun fyrir vernd og rekstur slíkra



svæða þarf einnig að huga að því hvernig styðja megi landeigendur, bæði fjárhagslega og tæknilega, í því mikilvæga verkefni að taka að sér verndun tegunda eða svæða sem hafa íslensk, evrópskt eða alþjóðlegt gildi. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að friðlýsingar eru í eðli sínu samstarfsverkefni fjölmargra aðila, og að fjármagn, stuðning og samráð þarf til þess að þær takist vel.

Reykjavík, 28. apríl 2011

---

Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri